AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973, með síðari breytingum.

4. gr. orðist svo:
Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
Vatnsgjald kr. 45,70 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils og fastagjald kr. 25,00 fyrir hvern mánuð á notanda. Þeir notendur er greiða mælaleigu skv. 8. gr. greiða ekki fastagjald.

5. gr. orðist svo:
Hitaveitugjöld skv. 4. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

8. gr. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.
Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.
Gjald fyrir hvern rúmmeter vatns skal vera kr. 2,10.
Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla ¾"	kr.	19,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½"	—	43,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	—	86,00 pr. mán.

10. gr. orðist svo:
Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.
Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín./lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.
Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi. Þó skal ákvæði um vatnsverð skv. 4. gr. öðlast gildi 2. janúar 1981, með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.